

5. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Suðurnesja setur gjaldskrá um verð á seldri orku til notenda.

6. gr.

14. gr. laganna (áður 13. gr., sbr. lög nr. 26/1980) orðist þannig:

Um skyldu Hitaveitu Suðurnesja til greiðslu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sýslusjóða fer á sama hátt og um skyldur sveitarfélaga er slíkan rekstur hafa með höndum. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin álagningu hvers konar gjalda til sveitarsjóða á starfssvæði sínu. Hitaveita Suðurnesja er undanþegin stimpilgjöldum.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Er lög þessi hafa öðlast gildi skulu sveitarfélögin skipa menn í stjórn Hitaveitu Suðurnesja í samræmi við 7. gr. laganna. Kjörtímabili þeirra stjórnarmanna lýkur 31. júlí 1986.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.***L Ö G****um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun
í Suður-Pingeyjarsýslu.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Kröfluvirkjun í Suður-Pingeyjarsýslu, sem til var stofnað með lögum nr. 21 frá 10. apríl 1974, til Landsvirkjunar samkvæmt samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Landsvirkjunar um kaup á Kröfluvirkjun, dags. 26. júlí 1985.

Með mannvirkjum Kröfluvirkjunar skal fylgja réttur til virkjunar og hagnýtingar á þeirri jarðhitaorku, sem finnst kann á Kröflusvæðinu, að afli sem svarar allt að 70 MW eins og um ræðir í nefndum samningi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja til Landsvirkjunar eignir Jarðvarmaveitna ríkisins við Bjarnarflag og Námaskarð í Suður-Pingeyjarsýslu ásamt rétti til virkjunar og hagnýtingar jarðhitaorku á því svæði, innan marka sem um semst, í samræmi við ákvæði í framangreindum samningi. Mun Landsvirkjun, ef sala þessi fer fram, taka við gufuveitunni í

Bjarnarflagi til eignar og rekstrar ásamt skuldbindingum um gufuöflun til kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn, sbr. 4. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 80 frá 15. ágúst 1966, svo og skuldbindingum um gufuafhendingu vegna Hitaveitu Skútustaðahrepps og Léttsteypunnar hf. samkvæmt samningum ríkisins og eigenda jarðanna Reykjahlíðar og Voga, dags. 18. mars og 4. maí 1971, sbr. yfirlýsingu aðila 1. júlí 1975 og 23. júní 1982.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 21 frá 10. apríl 1974, um jarðgufuvirkjun við Kröflu eða við Námafjall í Suður-Pingeyjarsýslu.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 86 31. desember 1981,
um iðnráðgjafa.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1985“ í 5. gr. laganna komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „útsvör“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. komi: þinggjöld.